

Stjórnarfundur nr 4.

Mættar eru: Inga, Ína, Martha og Fanney.

Málefni fundarins er að undirbúa aðalfund félagsins.

Borghildur Ína hefur boðist til að vera gjaldkeri félagsins í vetur og það var samþykkt.

Gjaldkeraskiptin staðfestast hér með fyrir hönd stjórnar:

Ingibjörg hefur boðist til að halda áfram sem formaður félagsins ef aðalfundur samþykkir það.

Farið yfir það hvað félagið gerði eða stóð fyrir á síðasta skólaári:

- Við sendum frá okkur tvær ályktanir vegna a) lýsingar við skólalóðin 30. Nóvember og b) vegna frágangs á skólalóðinni 1. Desember. Báðar ályktanir voru sendar á alla bæjarfulltrúa.
- Við keyptum þoturassa og borðtennispaða fyrir nemendur að nota
- Við greiddum fyrir að Föstudagslögin í maí og var það sýnt fyrir allan skólann á skólatíma
- Við sendum kveðju til foreldra í einu fréttabréfi skólans þar sem við hvöttum foreldra til þátttöku í félagslífi barna sinna tengdu skólanum.
- Við vorum í samskiptum við SAMTAKA varðandi foreldrarölt en því hefur ekki verið komið á í okkar hverfi ennþá.
- Við buðum hverjum árgangi 10 þúsund króna styrk til að halda bekkjarvöld.

Rætt um áherslur Naustaskóla um tölvueignir nemenda í unglingsáætlun og hvernig félagið geti brugðist við þar sem margir foreldrar hafa kvartað við stjórnarmeðlimi undan þessum áherslum. Ákveðið að skrifa bréf til skólastjóra.

Rætt um að gera þurfi Facebook síðu fyrir árgang 2011.

Rætt um ítrekaðar kvartanir foreldra vegna mötuneytismála. Ítrekað hafa nemendur kvartað heima hjá sér yfir skorti á hreinlæti í mötuneyti skólans og gæðum matarins. Spurning um það hvað hægt sé að gera í þessum málum. Engin ákvörðun tekin.

Rætt um að standa betur að því að setja fundargerðir stjórnarinnar inn á heimasíðu skólans til að auðvelda öðrum foreldrum að fylgjast með starfi félagsins.

Rætt og samþykkt að Borghildur Ína fái prókúru á reikninga félagsins þar sem hún tekur nú við sem gjaldkeri félagsins.

Ákveðið að óska eftir því á aðalfundi að hækka árgjald félagsins um 500 krónur á ári. Endanleg ákvörðun um hækkun þarf að leggja fyrir aðalfundinn.

Fundi slitið.